

Kennsluáætlun haust 2019

Lífsleikni 4. bekkur

Í lífsleikni eru þrjár kennslustundir á viku í 4. bekk. Kennarar eru Ásta Kristín Guðmundsd. Michelsen og Sigurveig Sædís Jóhannesdóttir

Vinnulag

Í kennslustundum í lífsleikni er lögð áhersla á samræður um efni hvers tíma, virkni nemenda í að koma skoðunum sínum á framfæri og vera gagnrýnin á umhverfi sitt og sögu. Notast verður við texta af neti auk ýmissa annarra verkefna sem kennari tekur til. Foreldrar bera ábyrgð á að fylgjast með inn á mentor.is.

Í haust ætlum við að leggja áherslu á bókaflokkinn *Börn í okkar heimi*. Flokkurinn skiptist niður í fjórar bækur og á haustönn munum við styðjast við bókina *Fátækt og hungur*.

Nemendur vinna ýmist einir, í paravinnu eða í stærri hópum.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Tilfinningar og sjálfsþekking	Fátækt og hungur Hópefli Leikir Reglur	Nemandi getur ... - Gera sér grein fyrir hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun og samskipti - Geta tjáð og fært rök fyrir hugsunum, skoðunum, tilfinningum og væntingum gagnvart öðrum	Virkti nemenda í kennslustundum Þátttaka í þemaverkefni

		• Vera meðvitaður um gildi mannréttinda og jafnréttis • Átti sig á því að við getum bara haft stjórn á okkur sjálfum og engum öðrum	
Samskipti/menning	Fátækt og hungur Hópefli Leikir Reglur	• Geri sér grein fyrir hvað jákvæð samskipti skipti miklu máli • Geri sér grein fyrir mismunandi fjölskyldugerðum og stöðu einstaklinga innan þeirra • Geti unnið með öðrum í hópi og átt góða samvinnu • Geri sér grein fyrir að allir eiga sama tilverurétt á jörðinni, sama hvaðan þeir koma	
Lífsstíll	Fátækt og hungur Hópefli Leikir Reglur	• Geta tileinkað sér holla neysluhætti og svefnvenjur • Geri sér grein fyrir að hreyfing er nauðsynleg til langs tíma	

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok

Með ósk um gott gengi,

Ásta Kr. Guðmundsd. Michelsen og Sigurveig Sædís Jóhannesdóttir